

VERNDARSVÆÐI Í BYGGÐ



Minjastofnun
Íslands

SAMRÁÐSFUNDUR 23. MAÍ 2017

Guðný Gerður Gunnarsdóttir

DAGSKRÁ

1. Setning fundar. Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Minjastofnunar Íslands.
2. Verndarsvæði í byggð. Reynsla af verkefninu hingað til. Guðný Gerður Gunnarsdóttir, minjavörður hjá Minjastofnun Íslands.
3. Hver er sýn Garðabæjar með verndarsvæði í byggð? Erla Bil Bjarnadóttir, umhverfisstjóri Garðabæjar.
4. Garðahverfi – nýjar leiðir um gamlar götur. Ragnheiður Traustadóttir, fornleifafræðingur.
5. Garðahverfi - Frá deiliskipulagi til verndarsvæðis í byggð. Herborg Árnadóttir, skipulagsfræðingur hjá Alta.
6. Kaffihlé.
7. Gildi verndarsvæða í byggð og ávinningur fyrir íbúa og samfélag. Páll Jakob Líndal, umhverfissálfræðingur hjá Teiknistofu Guðrúnar Jónsdóttur
8. Húsaskráning og húsakönnun. Guðlaug Vilbogadóttir, verkefnastjóri hjá Minjastofnun.
9. Greinargerðin og mat á varðveislugildi svipmóts byggðar. Guðný Gerður Gunnarsdóttir.
10. Fyrirspurnir og umræður.

TILLAGA AÐ VERNDARSVÆÐI - VINNUFERLIÐ

1. Sveitarstjórn metur að loknum sveitarstjórnarkosningum hvort ástæða sé til að undirbúa tillögu að verndarsvæði (87/2015, 4. gr.).
2. Ef sveitarstjórn ákveður að gera það er unnin tillaga. (87/2015, 4. gr.).
3. Tillaga að verndarsvæði er kynnt með auglýsingu þegar hún liggur fyrir frá hendi sveitarstjórnar. (87/2015, 5. gr.)
4. Tillaga að verndarsvæði, samþykkt af sveitarstjórn, er send til ráðherra (reglugerð 9. júní 2016, 3. gr.).
5. Ráðherra ákveður hvort byggð verði gerð að verndarsvæði á grundvelli tillögu sveitarstjórnar. Ákvörðun ráðherra um verndarsvæði er birt með auglýsingu í stjórnartíðindum (87/2015, 4. gr.).
6. Sveitarstjórn tryggir að ákvörðun um verndarsvæði endurspeglit í skipulagsáætlunum, öðrum áætlunum og leyfisveitingum sveitarfélags (87/2015, 9. gr.).

VERKÞÆTTIR

UNDIRBÚNINGUR – VERKÁÆTLUN: KOSTNAÐUR / TÍMI – SAMNINGUR UM STYRK

GÖGN SEM LIGGJA TIL GRUNDVALLAR TILLÖGUNNI ÚTBÚIN

- Heimildakönnun
- Fornleifaskráning
- Húsakönnun

SAMRÁÐ VIÐ ÍBÚA

GREINARGERÐ MEÐ MATI Á VARÐVEISLUGILDI

TILLAGA SAMÞYKKT AF SVEITARSTJÓRN AUGLÝST Í 6 VIKUR

GÖGN SEM SKULU FYLGJA TILLÖGU AÐ VERNDARSVÆÐI

Greinargerð um mat á varðveislugildi byggðar.

Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan svæðisins.

Staðfesting á samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila. Gerð grein fyrir athugasemdum sem bárust og á hvaða hátt var tekið tillit til þeirra.

MAT Á VARÐVEISLUGILDI

Varðveislugildi er niðurstaða mats á nokkrum gildum:

- listrænu gildi
- menningarsögulegu gildi
- umhverfisgildi
- upprunaleika
- ástand

Niðurstaða er mat á varðveislugildi svipmóts og yfirbragðs.

SVIPMÓT

Einkennandi yfirbragð byggðar sem birtist í:

- ríkjandi formgerðum húsa
- afstöðu þeirra innbyrðis og rýmismyndun
- stærðarhlutföllum
- byggingarstíl
- efnis- og litavali
- sambandi byggðar og náttúrulegs umhverfis

Þýðing á enska hugtakinu **character**

SÖGULEGT GILDI


Annað hugtak sömu merkingar er **menningarleg þýðing**, sem er sett saman úr öllum þeim **gildum** sem í byggðinni eru fólgin. Gefur til kynna **hvers vegna staður eða bygging hefur gildi sem menningararfur**.

- fagurfræðilegt, sögulegt, vísindalegt, félagslegt og andlegt gildi fyrir fyrri, núlifandi og komandi kynslóðir.
- menningarleg þýðing er falin í staðnum sjálfum, yfirbragði hans, umhverfi, hagnýtingu, hugrenningartengslum sem hann vekur, merkingu hans fyrir fólk.

Cultural Significance: Burraskráin, 1999 – Ástralska ICOMOS nefndin

MAT Á VARÐVEISLUGILDI

FORNLEIFASKRÁNING HÚSAKÖNNUN



META HEILD

BYGGIR Á MATI Á MINJUM
FORNLEIFAR – HÚS – MANNVIRKI

VARÐVEISLUGILDI SVIPMÓTS BYGGÐAR

VARÐVEISLUGILDI

Byggingarlist, listrænt gildi

- byggingarlistarleg stíleinkenni
- hlutföll sem móta umhverfið; stærð og hæð húsa og mannvirkja
- Götumyndir, þyrpingar húsa
- Starfsemi og nýting bygginga
- Rýmismyndun, samspil forma í manngerðu og náttúrulegu umhverfi.
- Staðbundin byggingarlistarleg einkenni og gildi þeirra sem þáttar í því að móta heildaryfirbragð byggðarinnar.

VARÐVEISLUGILDI

- **Menningarsögulegt gildi**
- Einkenni sem eiga sér sögulegar forsendur og endurspeglast í manngerðu umhverfi staðarins.
- Atvinnusaga og búsetuhættir, staðbundinni byggingarhefð eða tæknilegum nýjungum frá mismunandi tímabilum í sögu byggðarinnar.
- Sögulegir atburðir

VARÐVEISLUGILDI

Umhverfisgildi

- Tengsl landslags, rýmis og byggðarinnar og
- Samspil ríkjandi þátta í umhverfinu bæði náttúrulegra og manngerðra.
- Heildir húsa, mannvirkja og fornleifa, frekar en einstaka byggingar og staðsetningar þeirra í landslagi.

VARÐVEISLUGILDI

Upprunalegt gildi

- Upprunaleg einkenni byggðarinnar.
- Breytingar sem hafa orðið á byggðinni, viðgerðir, viðbyggingar og aðrar breytingar sem gerðar hafa verið á húsum, mannvirkjum og í almannarýmum, þar með talið breytingar á götum.
- Áhrif breytinga sem gerðar hafa verið á þeim þáttum sem móta svipmót byggðarinnar, byggðamynstur og rýmismyndun. Meta skal hvort þær breytingar spilli gildi svipmóts hennar eða styrki það.

VARÐVEISLUGILDI

- Varðveislugildi er niðurstaða úr mati á þeim fimm gildum sem metin hafa verið. Þannig er fengið varðveislugildi þess svipmóts sem einkennir byggðina og skýrir og rökstyður hvað það er í byggðinni sem gefur henni gildi og sem leitast skal við að vernda.
- Gildin fimm eru metin innbyrðis og tekin afstaða til vægis hvers þeirra. Í sumum tilvikum getur byggingarlistarlegt gildi vegið þyngst eða menningarsögulegt gildi, en einnig getur umhverfisgildi vegið þungt í þeim tilvikum þar sem heildin hefur gildi umfram einstaka byggingar.



AÐGERÐIR

- Hvað viljum við gera?
- Hvernig ætlum við að fara að því?
- Skilmálar um vernd og uppbyggingu innan svæðisins sem hafa að markmiði að styrkja svipmót og yfirbrag og stýra þróun innan verndarsvæðis
- Samþætt verndun felst í því að vernda og þróa
Verndun felst í þróun – þróun felst í verndun

GREINARGERÐ

Varðveislugildi flokkast samkvæmt þremur verndarflokkum:

- Hátt varðveislugildi.
- Miðlungs varðveislugildi.
- Lágt varðveislugildi.

Þegar varðveislugildi hefur verið metið eftir þessum flokkum eru verndarflokkar skilgreindir eins og gerð er grein fyrir í kaflanum hér á eftir.

GREINARGERÐ

- Niðurstöður varðveislumats dregin saman og færð rök fyrir tillögu að verndarsvæðis.
- Verndarsvæði afmarkað og skýrt hvers vegna mörk eru dregin þar sem þau eru dregin.
- Greining á gildi afmarkaðra hluta verndarsvæðis ef það á við.
- Gerð grein fyrir möguleika á að stækka verndarsvæði í framtíðinni ef áhugi verður á því.

STAÐA VERNDARSVÆÐIS INNAN SKIPULAGS

Á hvaða skipulagsstigi á að setja þá skilmála sem sett eru um verndarsvæði?

Aðalskipulag

- Við endurskoðun s skal gera grein fyrir verndarsvæðum í byggð.

Deiliskipulag

- Ef verndarsvæði í byggð – felur í sér ákvæði um skipulagsskyldar framkvæmdir: nýbyggingar, viðbyggingar við eldri hús - þarf að tryggja að deiliskipulag viðkomandi svæðis gefi svigrúm til þeirrar uppbyggingar.
- Möguleika á uppbyggingu sem ekki er svigrúm til samkvæmt gildandi deiliskipulagi, eða ef ákvæði í gildandi deiliskipulagi sem eru í ósamræmi við verndarsvæði í byggð kallar það á að deiliskipulaginu sé breytt .
- Í deiliskipulagi þarf að vísa til þess að á viðkomandi svæði gildi nánari ákvæði samkvæmt ákvörðun ráðherra um verndarsvæði í byggð.

TAKK FYRIR!